

Kæru foreldrar

Í dag erum við í nýjum og krefjandi aðstæðum.

Við stjórnendur skóla-, frístunda- og velferðarmála í Grindavík í samstarfi við skólastjórnendur erum þessa dagana að leggja mat á stöðuna þannig að hægt sé að efla virkni barnanna okkar sem stuðlar að betri líðan þeirra.

Við viljum boða til foreldrasamveru á föstudaginn 17. nóvember kl. 13:00 í Laugardagshöll, börn velkomin með, þar sem þetta allt verður kynnt nánar en rétt er að upplýsa ykkur strax um nokkur atriði sem við erum að vinna að:

- 1) Við höfum haldið nokkra gagnlega samstarfsfundi með m.a. sveitarfélögum á suðvesturhorninu, mennta- og barnamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og almannavarnavörnum. Allir eru boðnir og búnir að aðstoða okkur í þessum krefjandi aðstæðum.
- 2) Unnið er að því að ráða verkefnastjóra í málefnum barnanna okkar. Það auðveldar okkur að hafa góða yfirsýn yfir þjónustu við börn á grundvelli ákvörðunar bæjarstjórnar og sviðstjóra.
- 3) Unnið er að því að ráða samskipta- og stuðningssérfræðing sem styður stjórnendur í upplýsingagjöf til bæjarbúa.
- 4) Leitast verður við að veita aukinn stuðning vegna yfirsýnar í málefnum barnaverndarþjónustu og almennrar velferðarþjónustu við börn og barnafjölskyldur.
- 5) Ráðuneyti mennta- og barnamála hefur sent okkur bréf þar sem kemur m.a. fram að ráðuneytinu sé kunnugt um að börn úr Grindavík hafa í einhverjum tilvikum þegar hafið nám í grunnskóla þar sem þau og fjölskyldur þeirra dvelja og hefur það verið ákvörðun foreldra viðkomandi barna.

Í því samhengi vill ráðuneytið leggja áherslu á mikilvægi þess að fræðslufirvöld í Grindavík taki ákvarðanir um framkvæmd skólastarfs fyrir börn sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu. Þessar ákvarðanir eiga að vera

teknar á forsendum og í samræmi við það sem börnunum er fyrir bestu og í samráði við þau og foreldra þeirra.

Í bréfi ráðuneytisins kemur einnig fram að meginregla grunnskólalaga geri ráð fyrir að börn á skólaskyldualdri sækji skóla. Frá því geta hins vegar verið frávík og undanþágur og í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í Grindavík telur ráðuneytið að gild rök séu fyrir því að grindvískum börnum á skólaskyldualdri sé tímabundið veitt svigrúm frá skólaskyldu.

Lögð er rík áhersla á að grindvísk börn og fjölskyldur fái svigrúm til að ná áttum og þau fái viðeigandi stuðning vegna þess áfalls sem þau hafa orðið fyrir.

6) Eitt af mörgu sem við erum að vinna að er stofnun rafrænnar félagsmiðstöðvar fyrir eldri börnin/unglingana þannig að við náum að vera í sambandi við þau hvar sem þau eru stödd. Stefnt er að því að halda úti starfi félagsmiðstöðvar fyrir unglunga og ungmenni a.m.k. eitt kvöld í viku. Upplýsingar um staðsetningu verða gefnar síðar.

7) Í dag erum við að vinna að því að kortleggja m.a.:

- a. staðsetningu barna (hvar eru fjölskyldur í dag), hver er fjöldi barna sem þegar eru komin í skóla
- b. hver er staða starfsfólks í grunnskólanum og leikskólunum.
- c. við erum að leggja mat á hvernig hægt er að koma til móts við stuðningsþörf einstakra barna
- d. við erum að skoða mögulega hópskiptingu í skólastarfi sem komið verður á laggirnar.

Hægt verður að taka þátt í gegnum streymi og verða leiðbeiningar varðandi það á heimasíðu Grindavíkurbæjar [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)

Þjónustumiðstöð Grindavíkur er staðsett í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, í Reykjavík (<https://ja.is/kort/?x=356968&y=408427&nz=17.00&page=1&q=tryggvagata%2019> ).

Bílastæði eru í bílastæðahúsi rétt við húsið. Auðvelt er að komast með strætó og biðstöð er í Lækjargötu.